

Garðabær
Anna María Guðmundsdóttir
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 17. maí 2023
UST202303-234/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilsstaðahrauni - Garðabær

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilsstaðahrauni í Garðabæ.

Í erindinu kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir stíga- og umferðarkerfi innan fólkvangsins í Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum.

Markmið deiliskipulagsins er að skipuleggja svæði til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu samhliða því að vernda jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar. Skilgreint er fyrirkomulag göngu- og hjólastíga, fræðslu- og áningarstaða.

Auk þess kemur fram að veglína Flóttamannavegar, sem liggur milli fólkvanganna í Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum, er endurskoðuð til að bæta öryggi á veginum og til samræmis við breytta skilgreiningu hans í aðalskipulagi sem auglýst er samhliða. Einnig er stígur milli Urriðaholts og Vífilsstaða meðfram Reykjanesbraut skilgreindur sem stofnstígur ætlaður umferð gangandi og hjólandi vegfarenda.

Stofnstígur meðfram Reykjanesbraut

Í vettvangsferðum Umhverfisstofnunar, Garðabæjar og ráðgjafa, lagði stofnunin til að hjólabraut stofnstígs lægi samsíða Reykjanesbraut til að vernda hraunmyndanir þar sem á þessum hluta fólkvangs eru hraun mjög úfin og ósnortin. Á hluta stofnstígs fyrir gangandi, sem sveitarfélagið hefur lagt til og mun fara í gegnum úfið hraun, verði raski haldið í lágmarki eins og hægt er, falli vel að umhverfi sínu, og verði staðsett í lögðum þar sem trjágróður hefur nú þegar haft áhrif á jarðmyndanir. Umhverfisstofnun bendir á að einungis hluti stofnstígs fyrir gangandi á þessu svæði fylgir þeirri leið sem lögð var til og merkt í vettvangsferð. Auk þess þarf að skoða að mati stofnunarinnar hvort hægt sé að setja litlar brýr til að lágmarka fyllingar og til að raska ekki jarðmyndunum að óþörfu. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að lágmarka allt rask á framkvæmdatíma.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fyrirhugaðar framkvæmdir á þessum hluta stofnstígsins fari fram samhliða og á þeim hluta stofnstígs fyrir hjólandi umferð meðfram Reykjanesbraut, þó svo að stofnstígur fyrir hjólandi meðfram Reykjanesbraut sé ekki merktur inn á uppdrátt.

Umhverfisstofnun hefur bent á verkefni Vegagerðarinnar þar sem stofnstígar fylgja stofnbrautum í þéttbýli þar sem hafa verið settar upp hljóðmanir og öryggi hefur verið tryggt. Umhverfisstofnun tekur undir sem kemur fram í greinargerð að sú tillaga að stofnstíg í gegnum úfið hraun vestan megin fólkvangs, sem er hér til umfjöllunar, fyrir bæði gangandi og hjólandi í gegnum hraunið hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir í fólkvanginum.

Fyrirhugað er að endurhanna gatnamót Reykjanesbrautar og Urriðaholts. Umhverfisstofnun vill benda á þann möguleika að tengja Urriðaholtshverfi þeim stofnstíg sem er nú þegar til staðar norðan við Reykjanesbrautina.

Umhverfisstofnun telur ótímabært að skilgreina deiliskipulag brú yfir Reykjanesbraut þar sem ekki liggur fyrir endurhönnun gatnamóta Reykjanesbrautar og Urriðaholts. Við endurhönnun á gatnamótunum væri hægt að finna hentugri staðsetningu fyrir brú fyrir gangandi/hjólandi umferð. Umhverfisstofnun telur að staðsetning brúar á þessum hluta fólkvangs getur haft neikvæð áhrif á jarðmyndanir.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri